

Miðvikudaginn 16. nóvember 1977.

Nr. 196/1977. **Guðbjörn Guðjónsson**

gegn

**Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni
f. h. Metro Shipping & Finance Ltd.**

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í g lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. október 1977, sem Hæstarétti barst 9. nóvember s. á. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá lund, að varnaraðilja verði gert að setja sóknaraðilja málskostnaðartryggingu að fjárhæð 1.974.32 ensk sterlingspund „innan þess tíma, sem Hæstiréttur kynni að vilja tiltaka, en að málinu skuli ella vísað frá héraðsdóminum.“ Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Þess verður eigi krafist, að trygging samkvæmt 183. gr. laga nr. 85/1936 fyrir greiðslu málskostnaðar vegna máls, sem rekið er fyrir íslenskum dómi, sé sett í erlendum gjaldmiðli. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 30.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðbjörn Guðjónsson, greiði varnaraðilja, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Metro Shipping & Finance Ltd., kærumálskostnað, 30.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verslunardóms Reykjavíkur

28. september 1977.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í gær, höfðaði Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður, Ingólfsstræti 5, Reykjavík, f. h. Metro Shipping & Finance Ltd., F. S. Tapia, C. Avda Justo, Arosemana no 3-80, Panama City, Panama, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. sept. sl., gegn Guðbirni Guðjónssyni, Digranesvegi 89, Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð £ 8.592.60 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá 12. maí 1975 til 20. nóvember 1976, en með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot ur mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi segir hina umstefndu skuld vera skv. gerðardómi, uppkveðnum 12. maí 1975 í Glasgow, Skotlandi, í gerðardómsmálinu milli Metro Shipping & Finance Ltd. og Heildverslunar Guðbjörns Guðjónssonar, Reykjavík. Gerðardómur þessi hafi verið til kvaddur skv. 16. gr. farmsamnings þessara aðilja, dags. 14. mars 1972 í Reykjavík, en skv. honum hafi tveir menn, þó ekki lögræðingar, átt að ráða til lykta ágreiningi aðilja um allt, er snerti túlkun farmsamningsins. Er deila reis milli þeirra um uppgjör skv. farmsamningnum, hafi málinu verið skotið til gerðardóms og hafi hann kveðið upp úrskurð sinn fyrrnefndan dag, 12. maí 1975. Gerðardómurinn hafi unnið eftir „The Arbitration Act (Scotland) 1894“. Með gerðardóminum hafi Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar verið gert að greiða stefnanda þessa máls £ 5.399.49 með 8.5% vöxtum p. a. frá 1. júní 1972 til 12. maí 1975, eða £ 1.353.00, þóknun gerðardómsmanna, £ 625.00, og þar við bætist málskostnaður, £ 1.215.00, eða samtals £ 8.592.60, sem sé stefnukrafan. Stefndi, sem sé einkaeigandi heildverslunarinnar, hafi ekki fengist til þess að greiða skuld sína og sé málshöfðun því nauðsynleg til þess að fá aðfararhæfa kröfu.

Við þingfestingu máls þessa 16. sept. sl. var sótt þing af hálfu stefnda. Umboðsmaður stefnda krafðist þess, að stefnandi legði fram málskostnaðartryggingu samkvæmt 183. gr. laga nr. 85 frá 1936. Hinn 23. þ. m. var málið tekið fyrir. Lögmaður stefnanda lagði fram ábyrgðaryfirlýsingu, þar sem Landsbanki Íslands ábyrgist skilvísu og skaðlausa greiðslu á málskostnaði, er firmað

Metro Shipping & Finance S. A. kann að verða gert að greiða Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, Síðumúla 22, Reykjavík, samkvæmt dómi í máli þessu. Hámarksfjárhæð ábyrgðarinnar er kr. 500.000. Þá er lögmaður stefnanda hafði lagt fram ábyrgðaryfirlýsingu þessa, krafðist lögmaður stefnda þess, að lögmaður stefnanda legði fram málskostnaðartryggingu í sterlingspundum, ekki lægri fjárhæð en £ 1.974.32, sbr. dskj. nr. 8, sem er áætlun lögmannsins um málskostnað. Um rökstuðning fyrir útreikningi sínum vísaði lögmaður stefnda til 5. gr. b og 3. tl. í taxta LMFÍ. Lögmaður stefnanda neitar kröfu stefnda um að leggja fram málskostnaðartryggingu í sterlingspundum. Lögmaðurinn kveðst tilbúinn með vísan til dskj. nr. 8 að hækka málskostnaðartrygginguna í kr. 750.000. Ágreiningsatriði þetta var tekið til úrskurðar við fyrirtöku málsins 23. þ. m., en þar sem meðdómendur höfðu þá ekki verið tilkvaddir, var málið endurupptekið í gær til þess að gefa lögmönnum aðilja kost á að tjá sig um ágreiningsatriðið fyrir fullskípuðum sjó- og verslunardómi.

Lögmaður stefnda krafðist þess, að stefnandi, sem sé fyrirtæki, búsett í Panama, setti tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Lögmaðurinn kvaðst á dskj. nr. 8 hafa reiknað út málskostnað eins og hann geti hæstur orðið. Lögmaðurinn vísaði um rökstuðning fyrir útreikningi sínum til taxta LMFÍ, 5. gr., 1. tl. b, og 3. tl. sömu greinar. Lögmaðurinn krafðist þess, að málskostnaðartryggingin yrði sett í sterlingspundum, þ. e. í sama gjaldmiðli og stefnukröfur. Lögmaðurinn rökstuddi þessa kröfu sína með því, að búast mætti við hækkun á gengi sterlingspundsins gagnvart íslenskum krónum á þeim tíma, sem muni líða, þar til dómur gengur.

Lögmaður stefnanda kvaðst þegar hafa lagt fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, allt að fjárhæð kr. 500.000, og taldi lögmaðurinn þetta fullnægjandi tryggingu, þegar litið sé til stefnukröfunnar. Lögmaðurinn lýsti yfir, að hann væri enn fús til þess að hækka trygginguna í kr. 750.000. Lögmaðurinn mótmælti því að setja tryggingu í sterlingspundum og benti á í því sambandi, að ef til kæmi, þá yrði málskostnaður tildæmdur í íslenskum krónum.

Ágreiningsatriði þetta var tekið til úrskurðar að kröfu lögmannanna.

Ekki er vitað til, að aðiljar búsettir á Íslandi séu undanþegnir því að setja málskostnaðartryggingu í Panama. Undanþága 2. mgr. 183. gr. laga nr. 85 frá 1936 kemur hér því ekki til greina, og ber því samkvæmt 183. gr. laga nr. 85 frá 1936 að taka kröfu

umboðsmanns stefnda um málskostnaðartryggingu til greina, enda hefur kröfunni sem slíkri ekki verið mótmælt, heldur einungis því, að málskostnaðartryggingin eigi að vera í sterlingspundum. Eins og að framan er rakið, hefur lögmaður stefnanda þegar lagt fram ábyrgðaryfirlýsingu vegna málskostnaðar, allt að fjárhæð kr. 500.000, og lýst yfir, að hann sé fús að hækka ábyrgðaryfirlýsinguna í kr. 750.000.

Lögmaður stefnda þykir ekki hafa rökstutt þá kröfu sína, að málskostnaðartrygging sé í sterlingspundum. Ef til kemur, þá verður stefnda tildæmdur málskostnaður í íslenskum krónum, en ekki í sterlingspundum. Í þessu sambandi er og á það að líta, að í dómasafni Hæstaréttar má sjá þó nokkra úrskurði um málskostnaðartryggingu, sem ákveðin hefur verið í íslenskum krónum, þar á meðal í Hrd. XLII, bls. 559.

Eftir atvikum þykir rétt, að lögmaður stefnanda hækki málskostnaðartryggingu sína um kr. 250.000, og ber lögmanni stefnanda að setja hana föstudaginn 14. okt. n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir á reglulegu dómþingi.

Úrskurð þennan kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og Guðmundur Hjaltason skipstjóri.

Úrskurðarorð:

Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður f. h. Metro Shipping & Finance setji Guðbirni Guðjónssyni kr. 250.000 viðbótartryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar hinn 14. okt. n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir á reglulegu dómþingi.
